



PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Þjónusta ADVEL lögmanna

Með setningu laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga var lögfest persónuverndarreglugerð ESB 2016/679 (e. General Data Protection Regulation eða GDPR). Reglugerðin felur í sér viðtækar breytingar á lagaumhverfi söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga og varðar starfsemi allra stofnanna og fyrirtækja sem skrá persónuupplýsingar með einum eða öðrum hætti.

Eitt af nýmælum reglugerðarinnar er að öllum stofnunum og sumum fyrirtækjum er skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa sem fer með verkefni á sviði persónuverndar.

Reglugerðin heimilar útvistun á starfi persónuverndarfulltrúa til ráðgjafa sem uppfylla tiltekin hæfisskilyrði. Sérfræðingar ADVEL lögmanna uppfylla hæfisskilyrðin og hafa sett saman teymi til að sinna starfi persónuverndarfulltrúa fyrir viðskiptavinum stofunnar. Teymið býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á innlendri og evrópskri persónuverndarlöggjöf, vinnslu persónuupplýsinga og öryggis- og upplýsingatæknimálum.



HVAÐA FYRIRTÆKI OG STOFNANIR ÞURFA AÐ TILNEFNA PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA?

Samkvæmt reglugerðinni ber öllum stjórnvöldum sem vinna með persónuupplýsingar að tilnefna persónuverndarfulltrúa, óháð því hvaða upplýsingar er unnið með. Þetta þýðir að ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki sem inna af hendi verkefni í þágu almannahagsmuna þurfa að tilnefna persónuverndarfulltrúa. Sem dæmi má nefna heilbrigðisstofnanir, þá sem sinna almenningssamgöngum, orkuveitur, húsnæðisstofnanir og aðra þjónustuaðila hins opinbera.

Feli meginstarfsemi fyrirtækja í sér umfangsmikla, reglubundna og kerfisbundna vinnslu persónuupplýsinga er þeim skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa. Hið sama á við ef meginstarfsemi felur í sér umfangsmikla vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Sem dæmi um fyrirtæki sem þurfa að tilnefna persónuverndarfulltrúa má nefna fjarskiptafyrirtæki, váttryggingafélög, innheimtufyrirtæki, fyrirtæki sem framkvæma lánsþæfismat, fyrirtæki sem reka kerfi er fylgjast með staðsetningu einstaklinga, fyrirtæki sem nýta öryggismyndavélar og fyrirtæki í markaðssetningarstarfsemi gagnvart einstaklingum.

Stærri fyrirtæki með fjölda starfsmanna og viðskiptavina kunna einnig að sjá sér hag í því að tilnefna persónuverndarfulltrúa til að tryggja sem best lögbundin réttindi skráðra einstaklinga.

HVAÐA KRÖFUR ERU GERÐAR TIL PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA?

Reglugerðin gerir kröfur um að persónuverndarfulltrúi uppfylli tiltekin hæfiskilyrði og sé sjálfstæður í störfum sínum.

Hæfiskilyrði persónuverndarfulltrúa eru sérþekking á innlendri og evrópskri persónuverndarlöggjöf, skilningur á þeirri vinnslu sem fer fram af hálfu fyrirtækis eða stofnunar, skilningur á öryggis- og upplýsingatæknimálum, þekking á starfsemi fyrirtækisins og geta til að efla persónuverndarmenningu hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Persónuverndarfulltrúi þarf að vera sjálfstæður í störfum sínum. Það þýðir að hann má ekki fá fyrirmæli frá stofnun eða fyrirtæki um hvernig hann eigi að sinna starfi sínu, ekki má reka hann eða refsa fyrir störf sem persónuverndarfulltrúi og hann á ekki að lenda í því að hagsmunir vegna annarra verkefna og starfa skarist á við starf hans sem persónuverndarfulltrúa.

Persónuverndarfulltrúi á ekki að vera í þeirri stöðu að hann ákveði tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga. Almenna reglan er sú að hagsmunaárekstrar geta orðið ef persónuverndarfulltrúi er millistjórnandi í stofnun eða fyrirtæki (framkvæmdastjóri, rekstrarstjóri, fjármálastjóri, markaðsstjóri, mannauðsstjóri, tæknistjóri o.s.frv.) en það getur líka átt við um lægra setta starfsmenn ef störf þeirra fela í sér ákvarðanatöku um tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga.

Sökum þessa sjá mörg fyrirtæki og stofnanir sér hag í því að útvísta starfi persónuverndarfulltrúa til óháðra ráðgjafa.

ÞJÓNUSTA ADVEL LÖGMANNA

ADVEL hefur innan stofunnar komið á fót teymi til að sinna starfi persónuverndarfulltrúa sem uppfyllir almenn hæfiskilyrði. ADVEL hefur í því skyni útbúið staðlaðan verksamning um framkvæmd starfsins. Þar er gert ráð fyrir að viðskiptavinir tilnefni tengilið innanhúss sem verði teyminu til aðstoðar og innan handar við öflun upplýsinga og afgreiðslu mála. Þannig er unnt að forðast óþarfa flækjustig og kostnað. Í samræmi við kröfur reglugerðarinnar um sjálfstæði persónuverndarfulltrúa er það á höndum ADVEL að taka afstöðu til einstakra erinda, veita ráðgjöf og fræðslu og skrá sérstaklega öll samskipti og eftirfylgni með ráðleggingum.

Þóknun ADVEL byggir á föstu gjaldi sem svarar til tiltekins tímafjölda á mánuði, sem ákvarðaður er með hliðsjón af starfsemi fyrirtækis eða stofnunar og áætluðu umfangi vinnunnar. Fari vinnuframlag ADVEL umfram tímafjölda sem mynda fast gjald er reikningsfært skv. gjaldskrá stofunnar.

Með gerð verksamnings við ADVEL um starf persónuverndarfulltrúa geta viðskiptavinir þannig tryggt að starfsemin samrýmist kröfum persónuverndarlaga án þess að það hafi í för með sér verulegan launakostnað.

